Genie®
A TEREX COMPANY

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

S-60 HC

eftir S6010-21000

CE

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Second Edition
Second Printing
Part No. T107112IS

Mikilvægt

Lestu, skildu og fylgdu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en vélin er notuð. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hringja í Genie Industries.

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	1
Merkingar tákna og hættumerkja	3
Almennt öryggi	5
Öryggi manna	8
Öryggi á vinnusvæði	9
Skýringartexti	17
Stjórntæki	18
Skoðun	25
Notkunarleiðbeiningar	36
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu	42
Viðhald	45
Tæknilýsing	49

Hafðu samband við okkur:

Veffang: www.genielift.com
Netfang: techpub@genieind.com

Höfundarréttur © 1995 Terex Corporation

Önnur útgáfa: Önnur prentun,
september 2011

„Genie“ er skrásett vörumerki Terex South Dakota í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum. „S“ er vörumerki Terex South Dakota.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

♻ Prentað á endurunninn pappír L

Prentað í Bandaríkjunum

Inngangur

Eigendur, notendur og stjórnendur:

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Við teljum að notendur og stjórnendur búnaðar frá okkur tryggi helst öryggi með því að:

1 **Fylgja** reglum vinnuveitanda, vinnustaðar og yfirvalda.

2 **Kynna sér vel og fylgja** leiðbeiningum í þessari handbók, sem og öðrum handbókum sem fylgja vélinni.

3 **Beita góðum og öruggum starfsvenjum** af almennri skynsemi.

4 **Láta aðeins starfsmenn með þjálfun/réttindi,** undir stjórn einstaklinga með viðeigandi kunnáttu og þekkingu, stjórna vélinni.

Vinsamlegast hafið samband ef eitthvað í þessari handbók er ekki skýrt, eða ef í hana vantar nauðsynlegar upplýsingar.

Veffang: www.genielift.com

Netfang: techpub@genieind.com

Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Notkun bönnuð nema:

☑ Stjórnandi læri og iðki meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en farið er í næsta kafla.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Stjórnandi lesi, skilji og hlýði leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum, öryggis- og stjórnendahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Stjórnandi lesi, skilji og hlýði öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Stjórnandi lesi, skilji og hlýði öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Stjórnandi hafi rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Hættuflokkun

Genie notar tákn, litamerkingar og viðvörunarorð til að auðkenna eftirfarandi:



Öryggisviðvörun – notuð til að vara við mögulegri hættu á slysum á fólki. Fylgdu öllum öryggisboðum með þessu merki til að koma í veg fyrir möguleg slys eða dauða.

⚠ HÆTTA
Rauður

Gefur til kynna hættuástand sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekkert er að gert.

⚠ AÐVÖRUN
Appelsínugulur

Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekkert er að gert.

⚠ VARÚÐ
Gulur

Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til minni háttar eða miðlungs alvarlegra meiðsla ef ekkert er að gert.

TIL ATHUGUNAR
Blár

Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til eignatjóns ef ekkert er að gert.

Ætluð notkun

Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu.








Viðhald öryggismerkinga

Endurnýjaðu strax skemmdar eða glataðar öryggismerkingar. Hafðu ávallt öryggi notanda í huga. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggismerkingar. Ekki má nota leysiefni til hreinsunar þar sem þau geta skemmt öryggismerkingarnar.

Merkingar tákna og hættumerkja


 Hætta á að kremjast	 Sprengihætta	 Eldhætta	 Sprengihætta	 Hætta á raflosti
 Fallhætta	 Hætta á að kremjast	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu
 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti	 Hámarks handvirkur kraftur	 Hámarksvindhraði
 Haltu þig frá þessu yfirborði.	 Haltu þig frá hlutum á hreyfingu.	 Viðhaltu tilgreindri fríhæð.	 Haltu þig frá braut palls á hreyfingu.	 Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf.
 Lestu stjórnanda-handbókina.	 Reykingar bannaðar. Varist opinn eld. Stöðvaðu vélina.	 Mótvægi upp í móti: 1 Dragðu inn bómuna. 2 Lækkaðu bómuna.	 Mótvægi niður í móti: 1 Lækkaðu bómuna. 2 Dragðu inn bómuna.	

Merkingar tákna og hættumerkja


 Tengistaður fyrir dragreipi	 Burður hjóla	 Spenna á rafmagni að palli	 Þrýstingur á loftleiðslu að palli	 Hafðu slökkvitæki við höndina.
 Notaðu sömu gerð dekkja þegar skipt er um.	 Forðastu snertingu.	 Notaðu pall sömu gerðar þegar skipt er um.	 Leiðbeiningar fyrir festingar	 Leiðbeiningar fyrir festingar

Almennt öryggi

Öryggismerkingar og staðsetning



114249



114252



82487



114251




133067



82472



114098



82548



Almennt öryggi

Öryggismerkingar og staðsetning


82487




114248




114098



82604






Almennt öryggi

Öryggismerkingar og staðsetning


114247



82671




82548



82472




114249



133067




82473



114252





Öryggi manna

Fallvörn

Þörf er á persónuhlífum til að verjast falli (PFPE) þegar þessi vél er notuð.

Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.


Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Allar persónuhlífar til að verjast falli verða að uppfylla opinberar reglur og þær verður að kanna og nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél er ekki einangruð frá rafmagni og veitir ekki vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Fylgdu öllum staðbundnum og opinberum reglum varðandi þá fríhæð sem krafist er frá raflínum. Að minnsta kosti verður að virða þá fríhæð sem fram kemur í töflunni hér fyrir neðan.

Línuspenna	Tilgreind fríhæð
0 til 50 kV	3,0 m
50 til 200 kV	4,6 m
200 til 350 kV	6,1 m
350 til 500 kV	7,6 m
500 til 750 kV	10,6 m
750 til 1.000 kV	13,7 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum eða sigi á raflínum og varastu mikinn vind eða vindhviður.

Farðu ekki nærri vélinni ef hún kemst í snertingu við raflínur undir spennu. Starfsmenn á jörðu niðri eða á palli mega hvorki snerta né nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í stormi eða eldingum.

Ekki nota vélina sem jarðtengingu við rafsuðu.

⚠ Veltihætta

Notendur, búnaður og efni mega ekki vera umfram hámarks burðargetu pallsins fyrir takmarkað eða ótakmarkað hreyfingarsvið.

Hámarksburðargeta palls	
Ótakmarkað hreyfingarsvið	340 kg
Takmarkað hreyfingarsvið	567 kg
Hámarksfjöldi starfsmanna	3

S-60 HC: Festu ekki pall með málþyngd 340 kg (ótakmarkað hreyfingarsvið) og 567 kg (takmarkað hreyfingarsvið) við vélar með aðra málhleðslu. Sjá upplýsingar um hámarksmálhleðslu á skráningarmiða.


Þyngd valbúnaðar og aukabúnaðar, svo sem röragrinda, töflugrinda og afsuðuvéla, mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall. Sjá merkingar á valbúnaði og aukabúnaði.

Ef aukabúnaður er notaður skal lesa, skilja og hlýða límmiðum og leiðbeiningum með aukabúnaði.

Öryggi á vinnusvæði


Ekki lyfta eða setja út bómuna nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.

Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.



Ef hallaaðvörunin hljómar:
Ekki setja út, snúa eða lyfta bómunni upp fyrir lárétt. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð áður en pallinum er lyft. Ef hallaaðvörun hljómar þegar pallurinn er uppi skal gæta mikillar varúðar þegar hann er lækkaður. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð áður en pallinum er lyft.

Ef hallaaðvörun hljómar með pallinn upp í móti:
Lækkaðu fyrst bómuna og dragðu hana svo inn.




Ef hallaaðvörun hljómar með pallinn niður í móti:
Dragið bómuna fyrst inn og lækkið hana svo.



Hækkaðu ekki bómuna ef vindhraði getur farið yfir 12,5 m/sek. Ef vindhraði fer yfir 12,5 m/sek. þegar bóman er uppi skal lækka hana og hætta notkun á vélinni.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða vindhviðum. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er aukið og það er berskjaldað fyrir vindi minnkar það stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt landslag, rusl, óstöðugt eða sleipt yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða öðrum hættulegum aðstæðum með bómuna á lofti eða útdregna.

Ekki nota vélina sem krana.


Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með bómunni.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með bómunni.

Ekki binda bómuna eða pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Mesta leyfilega handvirka átak - CE 400 N

Ekki breyta eða gera óvirkar einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki skipta út íhlutum sem hafa áhrif á stöðugleika vélarinnar með hlutum af annarri þyngd eða gerð.

Ekki skipta út dekkjum sem fylgdu frá framleiðanda fyrir dekk af annarri gerð eða styrkleika.

Ekki skipta út kvoðufylltum dekkjum sem fylgdu frá framleiðanda með loftfylltum dekkjum. Þyngd dekkja skiptir miklu máli varðandi stöðugleika.

Ekki breyta loftvinnupallinum án fyrirfram skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar.

Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.





Ekki setja stiga eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gakktu úr skugga um að öll dekk séu í lagi, loftfyllt dekk séu með réttan þrýsting og að felgurær séu vel hertar.

Ekki nota stjórntæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu af aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórntækjunum á jörðu niðri.

⚠ Hætta við notkun í halla

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram hámarksmálgildi vélarinnar hvað varðar brekkur upp í móti, niður í móti eða til hliðar. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 2WD	
Mótvægi upp í móti	30% (17°)
Mótvægi niður í móti	10% (6°)
Hliðarhalli	25% (14°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 4WD	
Mótvægi upp í móti	45% (24°)
Mótvægi niður í móti	30% (17°)
Hliðarhalli	25% (14°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Fallhætta



Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.




Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga eða lokaðu inngangshliðinu fyrir notkun.


⚠ Árekstrarhætta



Gættu að takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindum blettum þegar ekið er eða unnið.

Gættu að stöðu bómu þegar snúanlega hlutanum er snúið.

Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.




Gættu að hættunni á því að klemmast þegar gripið er um handrið pallsins.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum við akstur- og stýringaraðgerðir.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki láta bómuna síga nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu fyrir neðan.



Takmarkaðu akstursshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þröng, brekku, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota bómuna í slóð neins krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og/eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

Notaðu ávallt vélina í vel loftræstu rými til að koma í veg fyrir kolmónoxíð-eitrun.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Eld- og sprengihætta

Ræstu ekki vélina ef lykt eða önnur merki eru um fljótandi jarðolíugas (LPG), bensín, dísilolíu eða önnur sprengifim efni.

Dældu ekki eldsneyti á vélina á meðan hún er í gangi.

Aðeins skal setja eldsneyti á vélina og hlaða rafgeyma hennar í vel loftræstu rými fjarri neistum, logum og logandi tóbaki.

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyma hennar við hættulegar aðstæður eða þar sem eldfimar eða sprengifimar lofttegundir eða agnir kunna að vera til staðar.

Ekki úða eter í vélar með glóðarkerti.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og viðeigandi þjónustuhandbók fyrir Genie.

Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Gakktu úr skugga um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Notaðu ekki rafgeymi eða hleðslutæki með meiri spennu en 12 V til að ræsa vélina.

Ekki nota vélina sem jarðtengingu við rafsuðu.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi suðulagnar að palli

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja aflgjafa fyrir suðu.

Tengdu ekki suðuleiðslur eða kapla nema slökkt sé á aflgjafa fyrir suðu með stjórntækjum palls.

Notaðu ekki nema suðukaplar séu rétt tengdir.

Tengdu plúsleiðslu við snúningstengið við snúanlega hlutann og pallinn.

Klemmdu mínusleiðslu á jarðtengi við snúanlega hlutann og pallinn.

⚠ Öryggi röragrinda

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja röragrindunum.

Farðu ekki umfram burðargetu pallsins. Röragrindurnar og þyngd röra í þeim mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

Röragrindurnar vega 9,5 kg.

Hámarksburðargeta röragrindanna er 91 kg.

Þyngd röragrindanna og röranna í þeim kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

Hafðu hleðsluna sem næst miðju pallsins.

Festu hleðsluna við pallinn.

Hindraðu ekki inngang eða útgang af pallinum.

Hindraðu ekki möguleika á að nota stjórntæki pallsins eða rauða neyðarstöðvunarhnappinn.

Ekki nota nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta af hreyfingum pallsins með yfirhangandi byrði sé ljós.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Hætta á raflosti: Haltu rörum frá öllum rafleiðandi hlutum undir spennu.

⚠ Öryggi töflugrinda

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja töflugrindunum.

Farðu ekki umfram burðargetu pallsins. Samanlögð þyngd grinda, tafla, notenda, verkfæra og annars búnaðar má ekki vera umfram tilgreint burðarþol.

Töflugrindurnar vega 13,6 kg.

Hámarksburðargeta töflugrindanna er 113 kg.

Þyngd töflugrindanna og taflanna í þeim kann að takmarka fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið við einn.

Festu hleðsluna við pallinn. Festu töfluna/töflurnar við handrið pallsins með ólunum sem fylgja með.

Notaðu ekki nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta sem tengist því að lyfta töflum sé ljós.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Hámarks hæð töflu: 1,2 m

Hámarks vindhraði: 6,7 m/sek.

Hámarkssvæði borðs: 3 m^2

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna

Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Hlutleystu rafgeymasýru sem kann að fara niður með matarsóda og vatni.

Sprengihætta

Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hætta á raflosti

Forðastu snertingu við rafskaut.

Eftir hverja notkun

1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.


2 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.


3 Snúðu snúanlega hlutanum þannig að bóman sé milli föstu hjólanna.

4 Snúðu lykilrofanum í off stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.

5 Skorðaðu hjólin.


Skýringartexti





1 Föst dekk
2 Stýridekk
3 Stjórntæki á jörðu niðri
4 Bóma
5 Stjórntæki palls
6 Pallur
7 Festing fyrir dragreipi
8 Miðteinn sem rennur til
9 Geymsluílát handbókar
10 Fótrofi

Stjórntæki



Stjórnborð palls

1 Flautuhnappur

2 Jafnvægisrofi palls

3 Snúningsrofi palls

4 Gaumljós fyrir takmarkað hreyfingarsvið

5 Ökuhraðahnappur

6 Neyðaraflsrofi

7 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt (ef til staðar)

8 Rofi fyrir rafal (ef til staðar)

9 Ekki notaður

10 Rauður neyðarstöðvunarhnappur


11 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturs- og stýringaraðgerðir
EÐA hlutfallsstýringarhandfang fyrir akstursaðgerð og þumalveltirofi fyrir stýringaraðgerð

12 Akstursvirkjunarrofi

13 Vísiljós fyrir akstursvirkjun

14 Rofi fyrir glóðarkerti (ef til staðar)

Stjórntæki



15 Valrofi fyrir lausagang vélar (rpm)
- Skjaldbaka: hægur lausagangur virkjaður með fótrofa
- Kanína: hraður lausagangur virkjaður með fótrofa

16 Ræsihnappur vélar

17 Bensín-/LPG-vélar: Valrofi fyrir eldsneyti

18 Gaumljós fyrir bilun í vél

19 Gaumljós fyrir ofhleðslu palls

20 Þumalveltirofi til að ýta út/draga inn bómu

21 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang til að stýra bómu upp/niður og snúningshluta til vinstri/hægri

Stjórntæki


Stjórnborð palls

1 Flautuhnappur

Ýttu á flautuhnappinn til að flauta. Slepptu flautuhnappinum til að hætta að flauta.

2 Jafnvægisrofi palls

Færðu jafnvægisrofa pallsins upp og pallurinn hækkar. Færðu jafnvægisrofa pallsins niður og pallurinn lækkar.



3 Snúningsrofi palls

Færðu snúningsrofa palls til hægri og pallurinn snýst til hægri. Færðu snúningsrofa palls til vinstri og pallurinn snýst til vinstri.



4 Gaumljós fyrir takmarkað hreyfingarsvið

Ljósið er kveikt þegar meira en 340 kg eru á pallinum, en innan við 567 kg. Hreyfingarsvið vélarinnar er takmarkað.



5 Ökuhraðahnappur

Tákn um að vél sé í halla: Takmörkuð vinna í halla.
Tákn um að vél sé á jafnsléttu: Hámarksvinna fyrir hámarks akstursshraða.

6 Neyðaraflsrofi

Notaðu neyðarafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bregst. Haltu neyðaraflrofanum til annarrar hvorrar hliðar um leið og aðgerð er valin.

7 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt (ef til staðar)

Gaumljós vegna vélarhalla kviknar þegar hallaaðvörunin heyrist.

8 Rofi fyrir rafal (ef til staðar)

9 Ekki notaður

10 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum í off stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu til að nota vélina.

11 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturs- og stýringaraðgerðir
EÐA hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturaðgerð og þumalveltirofi fyrir stýringaraðgerð

Færðu stýringarhandfangið í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar og vélin ekur áfram. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem gula örin vísar og vélin ekur aftur á bak. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem blái þríhyringurinn vísar og vélin beygir til vinstri. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem guli þríhyrningurinn vísar og vélin stýrir til hægri.
EÐA
Færðu stýringarhandfangið í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar og vélin ekur áfram. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem gula örin vísar og vélin ekur aftur á bak. Ýttu á vinstri hlið þumalveltirofans og vélin beygir til vinstri. Ýttu á hægri hlið þumalveltirofans og vélin beygir til hægri.

Stjórntæki

12 Akstursvirkjunarrofi

Til að aka þegar akstursvirkjunarljósið er á skal halda akstursvirkjunarrofanum til annarrar hvorrar hliðar og færa aksturssstýringar-handfangið hægt frá miðju. Gættu að því að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórntæki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

13 Vísiljós fyrir akstursvirkjun

Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafi hreyfst framhjá öðru hvoru fasta hjólinu og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.

14 Rofi fyrir glóðarkerti

Færðu rofa fyrir glóðarkerti til annarrar hvorrar hliðar og haldið í 3 til 5 sekúndur.

15 Valrofi fyrir lausagang vélar (rpm)

Færðu valrofa fyrir lausagang vélar í skjaldbökustöðuna til að virkja hægan lausagang með fótrofa.
Færðu valrofa fyrir lausagang vélar í kanínustöðuna til að virkja hraðan lausagang vélar með fótrofa.

16 Ræsihnappur vélar

Færðu ræsihnapp vélar til annarrar hvorrar hliðar til að ræsa vélina.

17 Bensín-/LPG-vélar: Valrofi fyrir eldsneyti

Færðu valrofa fyrir eldsneyti í bensínstöðu til að velja bensín. Færðu valrofa fyrir eldsneyti í LPG stöðu til að velja LPG.

18 Gaumljós fyrir bilun í vél


Kveikt ljós merkir að öll virkni hefur stöðvast. Sjá leiðbeiningar í kafla með notkunar-leiðbeiningum.

19 Gaumljós fyrir ofhleðslu palls

Gaumljós fyrir ofhleðslu palls blikkar og engar aðgerðir virka þegar meira en 567 kg eru á pallinum.


20 Þumalveltirofi til að ýta út/draga inn bómu

Færðu þumalveltirofa upp og bóman dregst inn. Færðu þumalveltirofa niður og bóman ýtist út.




21 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang til að stýra bómu upp/niður og snúningshluta til vinstri/hægri

Færðu stýringarhandfangið upp og bóman lyftist. Færðu stýringarhandfangið niður og bóman lækkar. Færðu stýringarhandfangið til hægri og snúningshlutinn snýst til hægri. Færðu stýringarhandfangið til vinstri og snúningshlutinn snýst til vinstri.



Stjórntæki



Stjórnborð á jörðu niðri

1 Klukkustundamælir
2 Lykilrofi til að velja pall/off/jörðu
3 Bensín-/LPG-vélar: Valrofi fyrir eldsneyti
4 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
5 Valrofi fyrir lausagang vélar
6 Gaumljós vélar
7 S-85 eingöngu: Rofi fyrir klýfurbómu upp/niður
8 Jafnvægisrofi palls
9 Snúningsrofi palls
10 Snúningsrofi snúanlega hlutans
11 Ekki notaður
12 Ekki notaður
13 Gaumljós fyrir bilun í vél
14 Aflrofi fyrir stjórntæki (15 A)
15 Gaumljós fyrir ofhleðslu palls
16 Neyðaraflsrofi
17 Rofi fyrir bómu upp/niður
18 Rofi til að setja út/draga inn bómu
19 Hnappur til að virkja aðgerðir
20 Ræsihnappur vélar
21 Rofi fyrir glóðarkerti (ef til staðar)

Stjórntæki

Stjórnborð á jörðu niðri

Sjá skýringarmynd fyrir stjórntæki á jörðu niðri.

1 Klukkustundamælir

Klukkustundamælirinn sýnir fjölda vinnustunda sem vélin hefur verið í notkun.

2 Lykilrofi til að velja pall/off/jörðu

Snúðu lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórntæki á palli. Snúðu lyklinum í off stöðu til að slökkva á vélinni. Snúðu lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórntæki á jörðu niðri.

3 Bensín-/LPG-vélar: Valrofi fyrir eldsneyti

Færðu valrofa fyrir eldsneyti í bensínstöðu til að velja bensín. Færðu valrofa fyrir eldsneyti í LPG stöðu til að velja LPG.

4 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í off stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni. Togaðu út rauða neyðarstöðvunar-hnappinn í on stöðu til að nota vélina.

5 Valrofi fyrir lausagang vélar (rpm)

Færðu valrofa fyrir lausagang vélar í skjaldbökustöðuna til að virkja hægan lausagang með fótrofa.
Færðu valrofa fyrir lausagang vélar í kanínustöðuna til að virkja hraðan lausagang vélar með fótrofa.

6 Gaumljós vélar

Ljós kveikt og vél stöðvuð: Merktu vélina og taktu hana úr notkun.
Ljós kveikt og vél í gangi: Hafðu samband við þjónustuaðila innan 24 klst.

7 Rofi fyrir klýfurbómu upp/niður

Færið rofa fyrir klýfurbómu upp og klýfurbóman lyftist. Færðu rofa fyrir klýfurbómu niður og klýfurbóman lækkar.

8 Jafnvægisrofi palls

Færðu jafnvægisrofa pallsins upp og pallurinn hækkar. Færðu jafnvægisrofa pallsins niður og pallurinn lækkar.

9 Snúningsrofi palls

Færðu snúningsrofa palls til hægri og pallurinn snýst til hægri. Færðu snúningsrofa palls til vinstri og pallurinn snýst til vinstri.

10 Snúningsrofi snúanlega hlutans

Færðu snúningsrofa snúanlegs hluta til hægri og snúanlegi hlutinn snýst til hægri. Færðu snúningsrofa snúanlegs hluta til hægri og snúanlegi hlutinn snýst til hægri.

Stjórntæki

11 Ekki notaður

12 Ekki notaður

13 Gaumljós fyrir bilun í vél

Kveikt ljós merkir að öll virkni hefur stöðvast. Sjá leiðbeiningar í kafla með notkunarleiðbeiningum.

14 15 A aflrofi fyrir rafrásir stjórntækja

15 Gaumljós fyrir ofhleðslu palls

Gaumljós fyrir ofhleðslu palls blikkar og engar aðgerðir virka þegar meira en 567 kg eru á pallinum. Fjarlægðu þyngd þar til ljósið slokknar.

16 Neyðaraflsrofi

Notaðu neyðarafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bregst. Haltu neyðaraflrofanum til annarrar hvorrar hliðar um leið og aðgerð er valin.

17 Rofi fyrir bómu upp/niður

Færðu rofa fyrir bómu upp/niður upp og bóman lyftist. Færðu rofa fyrir bómu upp/niður niður og bóman lækkar.

18 Rofi til að setja út/draga inn bómu

Færðu rofa til að setja út/draga inn bómu til hægri og bóman ýtist út. Færðu rofa til að setja út/draga inn bómu til vinstri og bóman dregst inn.

19 Hnappur til að virkja aðgerðir

Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir svo aðgerðir á stjórnborði á jörðu niðri virki.

20 Ræsihnappur vélar

Færðu ræsihnapp vélar til annarrar hvorrar hliðar til að ræsa vélina.

21 Rofi fyrir glóðarkerti (ef til staðar)

Færðu rofa fyrir glóðarkerti til annarrar hvorrar hliðar og haltu í 3 til 5 sekúndur.

Skoðun



Notkun bönnuð nema:

☑ Stjórnandi læri og iðki meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en farið er í næsta kafla.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðun

Skoðun fyrir notkun

- ❏ Gakktu úr skugga um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ❏ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá kafla um skoðun.
- ❏ Athugaðu með olíuleka frá vél og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Athugaðu með leka á kælivökva frá vél og rétta kælivökvastöðu. Bættu við kælivökva ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❏ Rafmagnsíhlutum, leiðslum og rafmagnsköplum
- ❏ Vökvaslöngum, tengingum, tjökkum og greinum
- ❏ Eldsneytis- og glussageymum
- ❏ Aksturs- og snúningsmótor og drifnöfum
- ❏ Slitpúðum bómu
- ❏ Dekkjum og felgum
- ❏ Vél og tengdum hlutum
- ❏ Markrofum og flautu
- ❏ Snúningsljósum og aðvörunum (ef til staðar)
- ❏ Róm, boltum og öðrum festingum
- ❏ Miðteini eða hliði palls

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❏ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❏ Dælda eða skemmda á vél
- ❏ Óhóflegs ryðs, tæringar eða oxunar

- ❏ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hertir.
- ❏ Eftir að skoðun lýkur skal gæta þess að allar hlífar fyrir hólfum séu á sínum stað og kræktar.

Skoðun



Notkun bönnuð nema:

☑ Stjórnandi læri og iðki meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en farið er í næsta kafla.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði virkniprófana

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófa aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðun

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir.

Við stjórntæki á jörðu niðri

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu.

⊙ Niðurstaða: Snúningsljósið (ef til staðar) ætti að leiftra.

4 Ræstu vélina (sjá kafla með notkunarleiðbeiningum).

Prófun neyðarstöðvunar

5 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í off stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Slökkna ætti á vélinni og allar aðgerðir verða óvirkar.

6 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu og endurræstu vélina.

Prófa aðgerðir vélarinnar

7 Ýttu ekki á hnapp til að virkja aðgerðir. Reyndu að virkja hvern veltirofa fyrir aðgerðir bómu og palls.



⊙ Niðurstaða: Engar bómu- og pallaðgerðir ættu að virka.


8 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir og virkjaðu veltirofa sem stjórna bómu og palli.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir bómu og palls ættu að virka heila hringrás. Lækkunaraðvörunin ætti að hljóma á meðan bóman er látin síga.

Prófa hallaskynjarann

9 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í on stöðuna. Snúaðu lykilrofanum á stjórntæki á palli.

10 Opnaðu hliðarhlíf snúanlega hlutans þeim megin sem geymir er og staðsettu hallaskynjarann við hlið eldsneytisgeymis.



11 Ýttu niður annarri hlið hallaskynjarans.

⊙ Niðurstaða: Aðvörunin sem staðsett er í pallinum ætti að hljóma.

Prófa neyðarstjórntæki

12 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri og dreptu á vélinni.

13 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í on stöðu.

14 Haltu samtímis niðri neyðaraflsrofanum og virkjaðu hvern veltirofa fyrir bómuaðgerðir.



Ath.: Til að spara rafmagn á rafgeymum ætti að prófa hverja aðgerð gegnum hluta af hringrás.

⊙ Niðurstaða: Allar bómuaðgerðir ættu að virka.

Við stjórntæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

15 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á palli og endurræstu vélina.

16 Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í off stöðu.

⊙ Niðurstaða: Slökkna ætti á vélinni og allar aðgerðir verða óvirkar.

17 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn og endurræstu vélina.

Prófa flautuna

18 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófa fótrofann

19 Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í off stöðu.

20 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu en ræstu ekki vélina.

21 Stígðu á fótrofann og reynið að ræsa vélina með því að hreyfa ræsirofann til annarrar hvorrar hliðarinnar.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að fara í gang.

22 Stígðu ekki á fótrofann og endurræstu vélina.

23 Ekki stíga á fótrofann. Prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Aðgerðir vélarinnar ættu ekki að virka.

Prófa aðgerðir vélar

24 Stígðu á fótrofann.

25 Virkjaðu hvern veltirofa eða stýrihandfang fyrir aðgerðir vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir bómu og palls ættu að virka heila hringrás.

Skoðun

Prófa stýringuna

26 Stígðu á fótrofann.

27 Ýttu þumalveltirofanum ofan á akstursstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA færðu aksturs/-stýringarhandfangið hægt í þá átt sem blái þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem blái þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

28 Ýttu þumalveltirofanum ofan á akstursstýrihandfanginu í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA færðu aksturs/-stýringarhandfangið hægt í þá átt sem guli þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem guli þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

Prófa akstur og hemlun

29 Stígðu á fótrofann.

30 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem bláa örin í stjórnborðinu vísar þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem bláa örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

31 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem gula örin í stjórnborðinu vísar þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem gula örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum brekkum sem hún getur ekið upp.

Prófa sveifluöxulinn (ef til staðar)

32 Ræstu vélina með stjórntækjum á palli.

33 Aktu hægra stýrishjólinu upp á 15,2 cm kubb eða kant.

⊙ Niðurstaða: Hin þrjú hjólin ættu að halda öruggri snertingu við jörðina.

34 Aktu vinstra stýrishjólinu upp á 15,2 cm kubb eða kant.

⊙ Niðurstaða: Hin þrjú hjólin ættu að halda öruggri snertingu við jörðina.

35 Aktu báðum stýrishjólunum upp á 15,2 cm kubb eða kant.

⊙ Niðurstaða: Föstu hjólin ættu að halda öruggri snertingu við jörðina.

Prófa akstursvirkjunarkerfið

36 Stígðu á fótrofann og dragðu aðalbómuna inn í frágengna stöðu.

37 Snúðu snúanlega hlutanum þar til bóman hreyfist framhjá öðru fasta hjólinu.

⊙ Niðurstaða: Vísiljós fyrir akstursvirkjun ætti að kvikna og haldast logandi á meðan bóman er einhverns staðar á því sviði sem sýnt er.



38 Hreyfðu aksturstýrihandfangið út frá miðjunni.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti ekki að virka.


Skoðun

39 Til að aka skal halda akstursvirkjunarrofa til annarrar hvorrar hliðar og færa aksturssstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti að virka.

Ath.: Þegar akstursvirkjunarkerfið er í notkun kann vélin að aka í gagnstæða átt við hvernig aksturs- og stýringarhandfangið er hreyft.


Notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að bera kennsl á akstursátt.



Prófa takmarkaðan akstursshraða

40 Stígðu á fótrofann.

41 Lyftu bómunni aðeins upp fyrir lárétt.



42 Færðu aksturssstýrihandfangið hægt í fulla aksturssstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með bómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 30 cm á sekúndu.

43 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

44 Ýttu bómunni út um 30 cm.

45 Færðu aksturssstýrihandfangið hægt í fulla aksturssstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með bómuna úti ætti ekki að fara yfir 30 cm á sekúndu.

Ef akstursshraði með bómuna uppi eða úti fer yfir 30 cm á sekúndu skal umsvifalaust merkja vélina og taka hana úr notkun.

Skoðun

Prófa neyðarstjórntæki

46 Dreptu á vélinni.

47 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu.

48 Stígðu á fótrofann.

49 Haltu samtímis niðri neyðaraflsrofanum og virkjaðu hvert stýrihandfang eða veltirofa aðgerðar.

Ath.: Til að spara rafmagn á rafgeymum ætti að prófa hverja aðgerð gegnum hluta af hringrás.

⊙ Niðurstaða: Allar bómu- og stýriaðgerðir ættu að virka. Akstursaðgerðir ættu ekki að virka á neyðarafli.

Prófa valaðgerðina lyfta/aka

50 Stígðu á fótrofann.

51 Hreyfðu aksturstýrihandfangið út frá miðjunni.

52 Virkjaðu hvern veltirofa fyrir aðgerðir bómunnar.

⊙ Niðurstaða: Engin bómuaðgerð ætti að virka. Vélin hreyfist í þá átt sem gefin er til kynna á stjórnborðinu.

Skoðun



Notkun bönnuð nema:

☑ Stjórnandi læri og iðki meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Skoðaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu könnun vinnustaðar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Skoðun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að framkvæma slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Skoðun vinnustaðar

Aðgættu og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- þverhnípi eða holur
- ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- hallandi yfirborð
- óstöðugt eða sleipt yfirborð
- fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- hættulegar staðsetningar
- ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- vind og veðuraðstæður
- návist starfsfólks í leyfisleysi
- aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðun

Skoðun merkinga


Notaðu myndirnar á næstu síðu til að ganga úr skugga um að allar merkingar séu læsilegar og á sínum stað.

Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
27204	Ör - Blá	1
27205	Ör - Gul	1
27206	Þríhyrningur - Blár	2
27207	Þríhyrningur - Gulur	2
28158	Merking - Blýlaust	2
28159	Merking - Dísil	2
28160	Merking - Fljótandi jarðolíugas	1
28174	Merking - Spenna að palli, 230 V	2
28235	Merking - Spenna að palli, 115 V	2
40434	Merking - Festing fyrir dragreipi	3
44981	Merking - Loftleiðsla til palls	2
52966	Skreyting - 4 x 2	1
52967	Skreyting - 4 x 4	1
62077	Skreyting - S-60	1
82472	Merking - Hætta á að kremjast	4
82473	Merking - Aðgangur að hólfi	1
82487	Merking - Lestu handbókina	2
82548	Merking - Snúningur palls	2

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
82604	Merking - Leyfilegt hámarkshandafl átak, 400 N	1
82646	Merking - Akstursvirkjunarbót	1
97815	Merking - Lækka miðtein	1
114098	Merking - Hámarks burðargeta	2
114099	Merking - Skýringarmynd fyrir flutning	2
114247	Merking - Fallhætta	1
114248	Merking - Hallaaðvörun	1
114249	Merking - Dekkjamál	4
114251	Merking - Sprengihætta	1
114252	Merking - Hætta á veltu	3
114465	Stjórnborð á jörðu niðri	1
133067	Merking - Hætta á raflosti	2
133413	Merking - Neyðarlækkun	1
147604	Stjórnborð palls	1
229744	Merking - Álag á hjól, S-60 HC	4
1000199	Skreyting - Genie S-60 HC	1

Skoðun


82487
Raðnúmeramerkimiði
28158
eða 28159
114251
28160
133067
82472
114252
133413
114465
229744
114249
114099
114249
229744
Hlið með stjórntækjum á jörðu
114098
40434
82548
82646
147604
82487
114248
28174
eða 28235
97815
44981
114098
82604
Pallur
62077
27204
27206
27207
Drif-
undirvagn
27207
27206
27205
52966
eða 52967
114247
82671
40434
82548
1000199
Vélarhlið
114252
82473
133067
82671
28174
eða 28235
82472
114249
114099
114249
229744
229744
Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Notkunarleiðbeiningar



Notkun bönnuð nema:

☑ Stjórnandi læri og iðki meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Skoðaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Kaflinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Vélin ræst



1 Snúðu lykilrofanum á stjórnborði á jörðu niðri í þá stöðu sem óskað er.

2 Gakktu úr skugga um að rauði neyðarstöðvunarhnappurinn sé togaður út í on stöðu, bæði á stjórnborði á jörðu og palli.

Bensín-/LPG-vélar:

3 Veldu eldsneyti með því að færa valrofa fyrir eldsneyti í þá stöðu sem óskað er.

4 Færðu ræsirofa vélarinnar til annarrar hvorrar hliðar. Ef vélin fer ekki í gang, eða drepst á henni, gerir ræsivarið ræsirofann óvirkan í 3 sekúndur.

Dísilvélar

3 Færðu rofa fyrir glóðarkerti (ef til staðar) til annarrar hvorrar hliðar og haltu í 3 til 5 sekúndur.

4 Færðu ræsirofa vélarinnar til annarrar hvorrar hliðar. Ef vélin fer ekki í gang, eða drepst á henni, gerir ræsivarið ræsirofann óvirkan í 3 sekúndur.

Allar gerðir

Ef vélin fer ekki í gang eftir að reynt hefur verið að ræsa hana í 15 sekúndur skal leita að bilun og gera við hana. Bíddu í 60 sekúndur áður en reynt er að ræsa að nýju.

Við kaldar aðstæður, -6°C hita eða lægri, skal hita vélina í 5 mínútur áður en hún er notuð til að koma í veg fyrir skemmdir á glussakerfi.

Við mjög kaldar aðstæður, -18°C hita eða lægri, ætti að útbúa vélarnar með kaldstartbúnaði, sem er aukabúnaður. Ef reynt er að ræsa vélina við hitastig neðan við -18°C kann að vera þörf á aukarafgeymi.

Bensín-/LPG-vélar: Við kaldar aðstæður, -6°C hita eða lægri, ætti að ræsa vélarnar með bensíni og hita þær í 2 mínútur áður en skipt er yfir á LPG. Ræsa má heitar vélar með LPG.

Neyðarstöðvun

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum á jörðu eða á palli í off stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Val og notkun stjórntækja á jörðu niðri hnekkir rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum.

Neyðarstjórntæki


Notaðu neyðarafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bilar.

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri eða palli.

2 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í on stöðu.

3 Stígðu á fótrofann þegar varastjórntæki eru notuð frá pallinum.

4 Haltu um leið vararafmagnsrofanum inni og virkjaðu þá aðgerð sem óskað er.



Akstursaðgerðir virka ekki á neyðarafli.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun frá jörðu

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í on stöðu.

3 Bensín-/LPG-vélar: Veldu eldsneyti með því að færa valrofa fyrir eldsneyti í þá stöðu sem óskað er.

4 Ræstu vélina.

Að staðsetja pall



1 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir.

2 Færðu viðeigandi veltirofa í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórntækjum á jörðu niðri.

Notkun frá palli

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á palli.

2 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í on stöðu.

3 Bensín-/LPG-vélar: Veldu eldsneyti með því að færa valrofa fyrir eldsneyti í þá stöðu sem óskað er.

4 Ræstu vélina. Stígðu ekki á fótrofann þegar vélin er ræst.

Að staðsetja pall

1 Stígðu á fótrofann.

2 Færðu viðeigandi stýrihandfang eða veltirofa hægt í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Að stýra

1 Stígðu á fótrofann.

2 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á aksturssstýrihandfanginu.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt hjólin munu snúast.

Að aka

1 Stígðu á fótrofann.

2 Hraði aukinn: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Dregið úr hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt í átt að miðjunni.

Stöðva: Færðu aksturssstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Akstushraði vélar er takmarkaður þegar bómur eru á lofti eða útsettar.

Notkunarleiðbeiningar

Akstur í halla

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.



Hámarks málgildi halla, pallur niður í móti:
2WD: 30% (17°)
4WD: 45% (24°)



Hámarks málgildi halla, pallur upp í móti:
2WD: 10% (6°)
4WD: 30% (17°)



Hámarksmálgildi hliðarhalla:
25% (14°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi. Hugtakið klifurgeta á aðeins við um uppstillingu með mótvægið upp í móti.

Gættu þess að bóman sé fyrir neðan lárétt og að pallurinn sé milli föstu hjólanna.

Færðu valrofa fyrir akstursshraða á tákn fyrir vél í halla.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi verklag.

Til þess þarf:

hallamál

beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m á lengd

málband


Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á neðri brún viðarbútsins og lyftu honum þar til hann er láréttur.

Mældu vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu fjarlægðinni (hæð) með lengd viðarbútsins og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

lyfting = 0,3 m

0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef brekkan fer umfram hámarksmálgildi fyrir halla upp eða niður eða hliðarhalla verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá hluta um flutning og lyftingu.

Notkunarleiðbeiningar

Akstursvirkjun



Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafi hreyfst framhjá öðru hvoru fasta hjólinu og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.


Til að aka skal halda akstursvirkjunarrofa til annarrar hvorrar hliðar og færa aksturssstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Aðgættu að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórntæki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

Notaðu alltaf litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Val á hraða í hægagangi (rpm)

Veldu hægagang (rpm) með táknunum á stjórnborðinu.



Þegar ekki er stigið á fótrofann gengur vélin á lægsta snúningi í hægagangi.

- Skjaldbökutákn: Hægur lausagangur virkjaður með fótrofa
- Kanínutákn: Hraður lausagangur virkjaður með fótrofa

Akstushraðaval



- Tákn um að vél sé í halla: Takmörkuð vinna í halla
- Tákn um að vél sé á jafnsléttu: Hámarksvinna fyrir hámarks akstushraða

Rafall (ef til staðar)

Færðu veltirofa fyrir rafal í on stöðu til að nota rafalinn. Vélin verður áfram í gangi en engar akstursaðgerðir eða aðgerðir á palli virka.

Stingdu rafmagnsverkfæri í samband við GFCI innstungu á palli.

Færðu veltirofa fyrir rafal í off stöðu til að virkja vélina á ný. Allar aðgerðir verða virkar.

Gaumljós vélar



Ljós kveikt og vél stöðvuð: Merktu vélina og taktu úr notkun.

Ljós kveikt og vél í gangi: Hafðu samband við þjónustuaðila innan 24 klst.

Vísiljós þegar vél er ekki lárétt (ef til staðar)



Logandi ljós gefur til kynna að vélin sé ekki lárétt. Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós logar. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð.

Gaumljós fyrir bilun í vél



Kveikt ljós merkir að öll virkni hefur stöðvast.

1 Ýttu inn og togaðu svo út rauða neyðarstöðvunarhnappinn.

2 Láttu bómuna síga og dragðu hana inn.

3 Merktu vélina og taktu úr notkun. Aðgerðir eru ekki virkar.

Ótakmarkað og takmarkað hreyfingarsvið

Ákvarðaðu þyngd allra starfsmanna, búnaðar og efnis á pallinum.

Skoðaðu hleðslutöfluna hér á síðunni eða á vélinni tli að ákvarða hreyfingarsvið sem mögulegt er.

Innan við 340 kg: Hreyfingarsviðið er ótakmarkað.




340-567 kg: Hreyfingarsviðið er takmarkað. Gulbrúna gaumljósið vegna takmarkaðs hreyfingarsviðs er kveikt.

Vélin stöðvast og gaumljósið blikkar þegar vélin nær mörkum takmarkaða hreyfingarsviðsins. Hækkaðu eða dragið bómuna inn til að halda áfram.




Yfir 567 kg: Rauða gaumljósið vegna ofhleðslu palls blikkar og engar aðgerðir eru virkar. Fjarlægðu þyngd þar til ljósið slokknar.



Ef pallurinn er ofhlaðinn á meðan hann er utan takmarkaða hreyfingarsviðsins mun rauða ljósið vegna ofhleðslu palls blikka og engar aðgerðir eru virkar. Færðu rofa fyrir aðstoðarafl og bóman dregst inn.

Ótakmarkað og takmarkað hreyfingarsvið



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


Kannaðu og hlýddu:

- ☑ Genie Industries veitir þessar upplýsingar um festingar og mælir með því að þeim sé fylgt. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn í samræmi við reglur samgönguyfirvalda, aðrar staðbundnar reglur og verklag fyrirtækis þeirra.
- ☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa að setja lyftu eða aðrar vörur frá Genie í gám skulu velja traustan flutningsaðila með reynslu í undirbúningi, hleðslu og frágangi á byggingar- og lyftubúnaði til flutnings milli landa.
- ☑ Aðeins starfsmenn með kranaréttindi skulu lyfta vélinni af eða á flutningabíl.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á jafnsléttu.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Gættu þess að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie lyftur eru mjög þungar miðað við stærð. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða. Sjá upplýsingar um staðsetningu skráningarmiða í kafla um skoðun.
- ☑ Gakktu úr skugga um að snúningshluti sé festur með læsingu fyrir snúningshluta áður en vélin er flutt. Gættu þess að aflæsa snúningshlutanum fyrir notkun.
- ☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla upp eða niður í móti, eða hliðarhalla. Sjá Akstur í halla í kafla með notkunarleiðbeiningum.
- ☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er. Sjá upplýsingar um málgildi halla í tæknilýsingarkaflanum.

Fríhjóla-uppstilling fyrir drátt með spili

Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2WD-gerðir: Losaðu hemlana á föstu hjólunum með því að snúa til aftengingarlokum átaksnafanna.



4WD-gerðir: Losaðu hemlana á hjólunum með því að snúa öllum fjórum aftengingarlokum átaksnafanna.

Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.


Beittu verkþáttum í öfugri röð til að festa hemla á ný.

Ath.: Fríhjóladælulokinn ætti alltaf að vera lokaður.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

⚠ Frágangur á vörubíl eða tengivagni fyrir flutning

Notaðu ávallt láspinna fyrir snúanlega hlutann í hvert sinn sem vélin er flutt.



Snúðu lykilrofanum í off stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.


Skoðaðu alla vélina og athugaðu hvort einhverjir hlutar séu lausir.

Undirvagninn festur

Notaðu keðjur með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 5 keðjur.


Stilltu festingarnar til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.



Pallurinn festur

Settu kubb undir snúningsbúnað pallsins. Láttu kubbinn ekki snerta tjakk pallsins.

Festu pallinn með nælonól sem sett er í gegnum neðri undirstöður pallsins. Ekki nota óhóflegan niðurkraft þegar bómuhlutinn er festur.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Skoðaðu og hlýddu:

- ☑ Aðeins þeir sem hæfir eru til að ganga frá og lyfta vélinni skulu gera slíkt.
- ☑ Gættu þess að geta kranans, fermingarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða.

Lyftileiðbeiningar

Láttu bómuna síga til fulls og dragðu hana inn. Færðu klýfurbómuna með fram jörðu. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.


Notaðu læsingu á snúanlega hlutanum til að festa hann.

Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilgreinda lyftipunkta á vélinni. Tveir lyftipunktar eru á undirvagni og tveir á snúanlega hlutanum.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

	X-ás	Y-ás
S-60 HC	1,78 m	1,31 m



Viðhald



Skoðaðu og hlýddu:

- ☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Skýringartexti viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.

Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.

Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

Gefur til kynna að vél þurfi að vera köld til að framkvæma þetta verklag.

Athuga stöðu vélarolíu

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu vélarolíu sé haldið réttri. Ef vélin er notuð á meðan staða vélarolíu er röng getur það skemmt vélina eða hluta hennar.

Ath.: Athugaðu stöðu vélarolíu þegar slökkt er á vélinni.

1 Skoðaðu mælistiku í olíu. Bættu olíu á ef þarf.

Perkins 404-22 vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-40
Ford DSG-423 EFI vél	
Olíugerð	5W-20
Deutz 2011L03i vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-30

Viðhald

Athuga stöðu glussa

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Gættu þess að bóman sé í frágenginni stöðu, athugaðu síðan sjónrænt hæðarstöðumælinn sem staðsettur er á hlið glussatanksins. Bættu olíu á ef þarf.

⊙ Niðurstaða: Glussaolíustaðan ætti að vera á efri 5 cm hæðarstöðumælisins.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando eða ígildi hans

Athuga stöðu kælivökva á vél - Vökvakældar gerðir

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu kælivökva á vél sé haldið réttri. Röng staða kælivökva hefur áhrif á kæligetu vélarinnar og skemmir vélina eða hluta hennar. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á stöðu kælivökva sem gætu bent til vandamála í kælikerfinu.

⚠ Hætta á bruna Varastu heita vélarhluta og kælivökva. Snerting við heita vélarhluta og/eða kælivökva getur valdið alvarlegum bruna.

1 Athugaðu magn vökva í safntanki kælivökva. Bættu vökva á ef þarf.

⊙ Niðurstaða: Staða vökva ætti að vera við FULL (fuller) merkið.

Ath.: Ekki fjarlægja lokið á vatnskassanum.

Athuga rafgeymana

Almennilegt ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringa, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Hlutleystu rafgeymasýru sem kann að fara niður með matarsóda og vatni.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu upp augnhlífar.

2 Gakktu úr skugga um að tengingar rafgeymakaplanna séu fastar og lausar við tæringu.

3 Gakktu úr skugga um að festingar á rafgeymum séu á sínum stað og vel fastar.

4 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýru. Ef þörf er á skal fylla með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörs rafgeymisins. Yfirfylltu ekki.

6 Settu öndunarlokin á.

Ath.: Hægt er að koma í veg fyrir tæringu á skautum og köplum rafgeyma með því að nota skautahlífar og tæringarvörn.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Vélar sem ekki hafa verið í notkun í meira en þrjá mánuði verða að gangast undir ársfjórðungslega skoðun áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Tæknilýsing

Gerð	S-60 HC
Hæð, hámark fyrir vinnu	19,78 m
Mesta hæð palls	17,78 m
Hæð, hámark frágenginn	2,72 m
Hámarksseiling lóðrétt Ótakmarkað hreyfingarsvið	15,48 m
Hámarksseiling lóðrétt Takmarkað hreyfingarsvið	11,86 m
Breidd	2,3 m
Lengd, frágenginn	8,51 m
Hámarksburðargeta Ótakmarkað hreyfingarsvið	340 kg
Hámarksburðargeta Takmarkað hreyfingarsvið	567 kg
Hámarksvindhraði	12,5 m/sek.
Hjólhaf	2,50 m
Snúningsgeisli (ytri)	5,5 m
Snúningsgeisli (innri)	2,4 m
Snúningur snúanlega hlutans (gráður)	samfelldur
Endasveifla hringsnúnings	1,22 m
Stjórntæki	12 V DC hlutfallsleg
Riðstraumsúttak á palli	venjulegt
Mál palls, 6 fet (lengd x breidd)	1,8 m x 76 cm
Mál palls, 8 fet (lengd x breidd)	2,4 m x 91 cm
Aksturshraði	
Aksturshraði, geymslustaða, 2WD	6,4 km/klst. 12,2 m/6,8 sek.
Aksturshraði, geymslustaða, 4WD	4,8 km/klst. 12,2 m/9 sek.
Aksturshraði, á lofti eða útsettar	1,0 km/klst. 12,2 m/40 sek.

Það er stefna okkar hjá Genie að endurbæta vörur okkar stöðugt. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Jafnvægi palls	sjálfstillandi
Snúningur palls	160°
Vökvaþrýstingur, hámark Bómuvirkni	207 bar
Spenna kerfis	12 V
Dekkjastærð	IN355/55 D625
Hæð frá jörðu	36,8 cm
Stærð eldsneytisgeymis	151 lítrar
Þyngd (Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta)	Sjá raðnúmeramerkimiða
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	83 dBa
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	75 dBa
Vottað hljóðstyrksstig	105 dBa
Titringsgildi fer ekki yfir 2,5 m/s^2	
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 2WD	
Mótvægi upp í móti	30% (17°)
Mótvægi niður í móti	10% (6°)
Hliðarhalli	25% (14°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 4WD	
Mótvægi upp í móti	45% (24°)
Mótvægi niður í móti	30% (17°)
Hliðarhalli	25% (14°)
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Upplýsingar um hleðslu á gólfi	
Þungi á dekk, að hámarki	5 761 kg
Snertiþrýstingur í dekkjum	4,92 kg/cm^2 483 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	1.218 kg/m^2 11,95 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlanir og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Tæknilýsing

S-60 HC Tafla yfir hreyfingarsvið

